

Titill

Grípum brotin

Höfundar:

Birkir Friðfinnsson, sjúkraþjálfari, [birkir@landspitali.is](mailto:birkir@landspitali.is)

Guðni Arnar Guðnason, sérfræðilæknir, [guðniag@landspitali.is](mailto:guðniag@landspitali.is)

Unnur Björnsdóttir, geislafræðingur, [unnurbj@landspitali.is](mailto:unnurbj@landspitali.is)

Rafn Benediktsson, yfirlæknir, [rafnbe@landspitali.is](mailto:rafnbe@landspitali.is).

*Höfundar vinna allir á Landspítala.*

## Bakgrunnur

Beinþynning er algengur og kostnaðarsamur sjúkdómur þar sem ætla má að ein af hverjum tveimur konum og einn af hverjum fimm körlum hljóti beinþynningarbrot á lífsleiðinni. Mikilvægt er að fækka endurteknum beinþynningarbrotum, sem oft verða án eða af völdum lítills áverka. Grípum brotin er alþjóðlegt verkefni sem var sett á fót af IOF (International Osteoporosis Foundation) 2012 og miðar að því að fækka brotum fyrir tilstuðlan samþættra verkefna á borð við Fracture Liaison Service (ísl. Brotatengill). Ísland er alþjóðlega viðurkenndur meðlimur í Grípum brotin verkefninu.

## Markmið

Að samþætta þjónustu og koma í veg fyrir annað brot hjá þeim sem hafa brotnað á upp- eða framhandlegg. Miðar að einstaklingum með beinþynningu. Fyrirmynd frá alþjóðabeinverndarsamtökunum – IOF Capture the fracture – fracture liaison services - Grípum brotin. Tilgangurinn er að auka þekkingu og vitund um beinþynningu og efla meðferð, eftirlit og samskipti innan heilbrigðiskerfisins með aðkomu heilsugæslunnar, innkirtlalækna, öldrunarlækna, hjúkrunarfræðinga og annarra sérhæfðra starfsmanna.

## Aðferðir

Allir með upp- og framhandleggsbrot sem uppfylla ákveðin skilmerki um aldur og lág-orku áverka fá bréf með boði um beinþéttnimælingu. Að mælingu lokinni er einstaklingi ráðlagt að ræða niðurstöðurnar við heimilislækninn sinn. Niðurstöður beinþéttnimælingar eru sendar til ábyrgs sérfræðilæknis sem býður sjúklingi tíma á beinamóttöku ef ástæða þykir.

## Niðurstöður

Frá upphafi Grípum brotin verkefninu 2017 til ársloka 2022 hefur 1922 sjúklingum með framhandleggsbrot og 804 sjúklingum með upphandleggsbrot verið boðin beinþéttnimæling.

Niðurstöður um hlutfall jákvæðrar svörunar og hlutfall sjúklinga með beinþynningu liggja ekki fyrir. Í undirbúningi er rannsókn þar sem helstu niðurstöður verkefnisins verða teknar saman og birtar.

### Ályktanir

Stefnt er að því að víkka umfang Grípum brotin verkefnisins með því að ná einnig til sjúklinga með mjaðmar- og/eða samfallsbrot í hrygg. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að með þjónustu brotatengils (e. Fracture Liaison Services) megi draga úr endurteknum brotum, auka lyfjanotkun við beinþynningu og lækka 30 daga og árs-dánartíðni. Í bígerð er að taka saman helstu niðurstöður verkefnisins og meta hvort sýna megi fram á jákvæðan árangur.